

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 336/2002

2003/EES/57/24

frá 22. febrúar 2002

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 805/1999 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

skipgengum vatnaleiðum skal hlutfallið fyrir „gamalt fyrir nýtt“ lækkað aftur.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 frá 29. mars 1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 er þess krafist að framkvæmdastjórnin mæli fyrir um nákvæmar reglur til framkvæmdar stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans eins og hún er skilgreind í þeirri reglugerð.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 997/2001 <sup>(3)</sup> um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar á reglugerð (EB) nr. 718/1999, er sett fram hlutfall fyrir regluna „gamalt fyrir nýtt“ sem á að gilda frá 29. apríl 1999.
- 3) Í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 er þess krafist að hlutfallið fyrir „gamalt fyrir nýtt“ sé minnkað jafnt og þétt til að koma því, eins hratt og unnt er og í reglubundnum áföngum, niður í núll eigi síðar en 29. apríl 2003.
- 4) Í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1532/2000 <sup>(4)</sup>, sem er breyting á reglugerð (EB) nr. 805/1999, lækkaði hlutfallið fyrir „gamalt fyrir nýtt“ frá og með tuttugasta degi frá birtingu, þ.e. frá og með 3. ágúst 2000. Hlutfallið var aftur lækkað með 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 997/2001 frá og með tuttugasta degi frá birtingu, þ.e. frá og með 18. júní 2001.
- 5) Með tilliti til þeirrar skyldu að lækka hlutfallið niður í núll eigi síðar en 29. apríl 2003 og í ljósi efnahagspróunar í hinum ýmsu greinum flutninga á

- 6) Því er brýnt að aðlaga hin ólíku hlutföll fyrir „gamalt fyrir nýtt“, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 og eru ákveðin í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 805/1999, eins og henni var breytt með 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 997/2001, en þó án þess að gera að engu þann ávinning sem orðið hefur af skipulagsumbótum frá árinu 1990. Til að tekið sé tillit til vægrar almennrar aukningar á eftirspurn í greinum flutninga á skipgengum vatnaleiðum og þess gætt að jafnvægi milli hinna þriggja greina sé viðhaldið og tillit tekið til sérkenna þeirra skal hlutfallið helmingað í 0,30:1 fyrir þurrflutningaskip, 0,45:1 fyrir tankskip og 0,125:1 fyrir stjakbáta.
- 7) Haft hefur verið samráð við sérfræðingahópinn um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu og eflingu flota bandalagsins, sem komið var á fót með 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 805/1999, varðandi ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 805/1999 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0,30:1“ í stað „0,60:1“.
2. Í 2. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0,45:1“ í stað „0,90:1“.
3. Í 3. mgr. 4. gr. komi hlutfallið „0,125:1“ í stað „0,25:1“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 53, 23.2.2002, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 25.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 90, 2.4.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 139, 23.5.2001, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 175, 14.7.2000, bls. 74.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti*

  

---